

Stytting vinnuviku starfsfólks á mennta- og lýðheilsusviði

Í vinnutímahópi sátu: Anna Björnsdóttir, Árný Steindóra Steindórsdóttir, Erla Björg Rúnarsdóttir, María Baldursdóttir, Sigríður Eir Guðmundsdóttir, Tinna Dahl Christiansen og Valgerður Sveinbjörnsdóttir. Fulltrúar í vinnutímahópi eru frá SÍ, FSL, Fræðagarður og starfsmannafélag Hafnarfjarðar.

Dagana 5-7 desember 2022 var opin kosning fyrir starfsfólk mennta- og lýðheilsusviðs þar sem kosið var á milli tveggja möguleika í styttingu. Annarsvegar 36 stunda vinnuviku og hins vegar 38 klst og 55 mínútna vinnuviku. 18 tóku þátt í kosningu og 94,5% kusu 36 stunda vinnuviku og 5,5% kusu síðari kostinn.

Í ljósi niðurstaðna verður því farið í 36 stunda vinnuviku frá og með 15. desember. Hér er gert grein fyrir útfærslu.

Tillaga:

Starfsfólk hefur kosið 36 stunda vinnuviku. Stimpilkukka heldur utan um styttingu sem skal vera innan yfirvinnutímabils frá 11. hvers mánaðar til 10. næsta mánaðar. Ekki er heimilt að færa styttingu milli tímabila. Stytting getur verið dagleg, vikuleg, hálfsmánaðarleg og mánaðarleg eða einhver blanda af þessu fyrirkomulagi. Starfsfólk tekur tillit til verkefna og vinnustaðar við skipulagningu vinnustyttingar. Starfsfólk skráir vinnutímastyttingu í Vinnustund og er hvatt til að skipuleggja hana fyrirfram og setja í dagatal í Outlook. Fyrsti og þriðji föstudagur í mánuði eru svokallaðir innidagar þar sem fólk gerir ráð fyrir að vera á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs að lágmarki til kl. 12.00. Þessi tími er helgaður teymisvinnu. Þetta fyrirkomulag er unnið í samráði við barna- og fjölskyldusvið. Tryggt er að skrifstofan sé opin alla virka daga til kl. 16.00

Aðgerðir:

- Starfsfólk á að lágmarki 15 mínútna daglegt neysluhlé og hefur með 36 stunda vinnuviku afsalað sér forræði yfir kaffitímum.
- Samkvæmt reglum Hafnarfjarðarbæjar um styttri fjarveru frá vinnu gildir eftirfarandi: Allri fjarveru þar með talið læknisheimsóknum, sjúkraþjálfun og jarðaförum náinna ættingja skal sinna í styttingu.
- Fjarvera umfram styttingu, til að sinna læknisheimsóknum, sjúkraþjálfun og jarðarförum náinna ættingja, skal þó aldrei valda tekjutapi hjá starfsfólki og er þá skráð sem launað leyfi, að fengnu leyfi yfirmanns.
- Nú þegar er komin reynsla á 36 stunda vinnuviku með áherslu á að fundir séu haldnir í fjarfundabúnað.

Mælikvarðar, markmið:

- Auka starfsánægju.
- Stuðla að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.
- Endurmat: Starfsfólk með mannaforráð er hvatt til að fylgjast með skráningu á styttingu vinnuvikunnar í Vinnustund og eiga samtöl við starfsfólk ef stytting er ekki nýtt.
- Á starfsmannafundi í maí verður fyrirkomulagið rætt. Í kjölfarið hittist vinnutímahópur og metur framhaldið. Metnar verða niðurstöður starfsmannasamtala og skoðaðar niðurstöður vinnustaðagreiningar.